

Sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð í grunnskólum landsins

Menntamálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti munu standa fyrir samkeppni á yfirstandandi skólaári meðal grunnskóla landsins um verkefni sem ber yfirskriftina *Sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð* í tilefni af því að hinn 6. mars n.k. verða liðin 100 ár frá því fyrsti íslenski togarinn, Coot, kom til heimahafnar í Hafnarfirði.

Um er að ræða verkefni þar sem nemendur búa til sérstakan sjávarútvegsvef eða vefsvæði á netinu um framangreint efni. Verkefnið verður ekki afmarkað frekar og því hafa skólarnir sjálfðæmi um útfærslu þess. Þannig geta skólastjórnendur og eða kennarar í hverjum skóla ákveðið umfang verkefnisins og hvort það verði unnið af ákveðnum bekkjum, árgöngum eða verði samvinnuverkefni fleiri aldursþópa. Auðvelt ætti að vera að fella það að markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og tengja það ýmsum námsgreinum, einni eða fleiri, s.s. stærðfræði, heimilisfræði, íslensku, myndmennt, sögu, líffræði eða samfélagsfræði svo eitthvað sé nefnt.

Markmiðið með samkeppni af þessu tagi er að auka innsýn skólabarna í undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveg, og veita þeim um leið tækifæri til að tjá eigin hugmyndir um greinina. Jafnframt er verkefninu ætlað að vekja athygli almennings á sjávarútvegi og víkka þá umræðu sem á sér stað um hana. Ef vel tekst til má ætla að skólarnir geti þróað verkefnið frekar í framtíðinni og jafnvel yfirfært hugmyndir sínar á aðra þætti í skólastarfinu. Gæti það jafnvel orðið grunnur að samvinnuverkefni milli einstakra skóla eða landa. Veitt verða vegleg verðlaun fyrir þrjú bestu verkefni og munu verðlaunin koma í hlut viðkomandi skóla. Sérstök dómnefnd mun meta þau. Við val á verðlaunaverkefnum verður tekið mið af framsetningu, hugmyndavinnu, fræðslugildi, efnistöku, heildarsvip og fleiri þáttum. Fulltrúum þeirra skóla sem verða í þrem efstu sætunum verður síðan boðið á Íslensku sjávarútvegssýninguna í Kópavogi í september nk. þar sem verðlaunin verða afhent.

Auglýst eftir umsóknum um styrki úr tónlistarsjóði

Menntamálaráðuneyti [auglýsir](#) eftir umsóknum um styrki úr tónlistarsjóði samkvæmt lögum um tónlistarsjóð [nr. 76/2004](#).

Hlutverk tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem tónlistarflutnings, tónlistarhópa, tónlistarhátíða, rannsóknna og skráningu á tónlist, varðveislu tónlistar og annarrar tónlistarstarfsemi. Markaðs- og kynningardeild veitir m.a. styrki til markaðssetningar og kynningarverkefna í tengslum við íslenska tónlist og tónlistarmenn og til annarra verkefna sem miða að kynningu á íslenskrari tónlist og tónlistarmönnum innan lands og erlendis.

Að jafnaði er hvorki gert ráð fyrir styrkveitingum til rekstrar og umsýslu samtaka, fyrirtækja og stofnana sem hljóta regluleg rekstrarframlög né til verkefna eða viðburða sem þegar hafa átt sér stað. Styrkir úr tónlistarsjóði skulu veittir til ákveðinna verkefna og að jafnaði ekki lengur en til eins árs í senn. Umsókn skal m.a. innihalda nákvæmar upplýsingar um umsækjanda, samstarfsaðila og nafn þess sem annast samskipti við sjóðinn, upplýsingar um starfsferil, faglegan og listrænan bakgrunn umsækjanda og annarra er að verkefninu koma, lýsingu á verkefninu, markmiðum þess og samhengi við tilgang sjóðsins. Einnig verk- og tímaáætlun, fjárhagsáætlun og upplýsingar um aðra styrki sem verkefnið hefur hlötið eða sótt um. Staðfest gögn til stuðnings umsókninni skulu fylgja ef þau eru fyrir hendi. Við mat á umsóknum er m.a. tekið tillit til listræns gildis og mikilvægis verkefnis fyrir almenna tónlistarstarfsemi og eflingu íslenskrar tónlistar, gildis og mikilvægi verkefnis fyrir kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar, starfsferils, faglegs og/eða listræns bakgrunns umsækjanda og fjárhagsgrundvallar verkefnisins. Á árinu 2005 er áætlað að úthluta prisvar úr tónlistarsjóði.

Fyrsti frestur til að skila inn umsóknum er 28. febrúar n.k. Öll tilskilin fylgigögn þurfa að berast með umsókn. Umsóknir eða fylgigögn sem berast eftir að umsóknarfrestur er liðinn eru ekki tekin til umfjöllunar. Gert er ráð fyrir að umsóknir hljóti afgreiðslu innan sex vikna frá auglýstum skilafrestum.

Umsóknum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem fást í menntamálaráðuneyti eða á vef þess. Umsóknirnar skulu vera í þríriti og öll eintök undirrituð. Umsóknarfrestur rennur út kl. 16.00, mánudaginn 28. febrúar 2005.

Úthlutanir úr Íþróttasjóði

Íþróttasjóður starfar samkvæmt íþróttalögum [nr. 64/1998](#), sbr. reglugerð [nr. 188/1999](#) og reglugerð [nr. 388/2001](#) um breyting á þeirri reglugerð. Íþróttasjóður veitir framlög til eftirfarandi verkefna á sviði íþróttar:

- Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkna.
- Útbreiðslu- og fræðsluverkefna.
- Íþróttarannsóknna.
- Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga.

Umsóknarfrestur um styrki úr Íþróttasjóði vegna verkefna á árinu 2005 rann út 1. október 2004.

Alls bárust 113 umsóknir um styrki úr Íþróttasjóði og í fjárlögum ársins 2005 eru Íþróttasjóði ætlaðar 18,3 milljónir króna. Íþróttanefnd metur umsóknir og gerir tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Menntamálaráðherra hefur samþykkt tillögur Íþróttanefndar um styrkveitingar, alls að upphæð kr. 16.635.000 til 64 verkefna. Nánari upplýsingar er að finna á vef menntamálaráðuneytis.

Auglýst eftir umsóknum í Þróunarsjóð grunnskóla

Menntamálaráðuneyti [auglýsir](#) eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna í grunnskólum skólaárið 2005-2006 á eftirtöldum sviðum:

- A. Fjölbreytt námsmat
 - B. Lýðræði í skólalærni
 - C. Sjálfsmat skóla
 - D. Önnur þróunarverkefni
- Einnig er unnt að sækja um styrki til hvers kyns þróunarverkefna en svið A, B og C njóta forgangs að öðru jöfnu. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands annast umsýslu með sjóðnum og veitir nánari upplýsingar, rannsókn.khi.is/thronarsjodur. Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi. Umsóknir skulu hafa borist Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands fyrir kl. 16:00 mánudaginn 7. mars 2005.

Styrkir til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu

Menntamálaráðuneyti veitir árlega styrki til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu. Með þróunarverkefnum er átt við tilraunir og nýbreytni í skólalærni. Skólameistarar framhaldsskóla fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara, samtök skóla og fagfólks í framhaldsskólum, svo og aðilar sem reka nám fyrir fullorðna sem að mati ráðuneytisins telst hliðstætt námi á framhaldsskólastigi, geta sótt um styrki. Með vísun til 2. gr. reglna [nr. 274/1997](#) um styrkveitingarnar er [auglýst](#) eftir umsóknum um styrki til verkefna á skólaárinu 2005-2006 sem hér segir:

1. Verkefni við að þróa sjálfsmatsaðferðir skóla með ráðgjöf frá utanaðkomandi sérfræðingum.
2. Verkefni sem miða að því að framfylgja áætlunum um jafna stöðu kynjanna í námi.
3. Verkefni á sviði fullorðinsfræðslu. Áhersla er lögð á verkefni við að þróa matsaðferðir og úttektir á námi fullorðinna.
4. Heimilt er að sækja um styrki til hvers konar þróunarverkefna en ofangreind svið njóta forgangs. Umsóknir skulu berast menntamálaráðuneyti í síðasta lagi 25. febrúar næstkomandi á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að fá í móttöku ráðuneytisins og á [vef ráðuneytisins](#).

